

FRÉTTATILKYNNING

19 February 2026 14:11:00 GMT

**ICELANDAIR GROUP HF. - AÐALFUNDUR 12. MARS 2026****Rafrænn fundur - Bein útsending frá höfuðstöðvum Icelandair, Flugvöllum 1, 221 Hafnarfirði - kl. 16:00**

Stjórn Icelandair Group hefur ákveðið að aðalfundur félagsins þann 12. mars 2026 verði haldinn rafrænt, sbr. grein 4.6 í samþykktum félagsins. Hluthafar sem hyggjast sækja fundinn skulu tilkynna þátttöku sína með tveggja daga fyrirvara og leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða gögn sem lögð verða fram á fundinum og þeir óska svara við, sbr. grein 4.4 í samþykktum félagsins. Skráning á fundinn fer fram í gegnum [www.lumiconnect.com/meeting/icelandairgroupagm2026](http://www.lumiconnect.com/meeting/icelandairgroupagm2026). Skráðir þátttakendur munu fá sendar upplýsingar í tölvupósti fyrir fundinn um hvernig þeir geta tekið þátt og greitt atkvæði ásamt tengli á beina útsendingu fundarins. Fundinum verður streymt beint frá höfuðstöðvum Icelandair en opið verður fyrir mætingu á staðinn. Atkvæðagreiðsla og umræður verða þó einungis rafrænar. Fundurinn verður haldinn á íslensku en bein þýðing á ensku verður í boði bæði í beinni útsendingu í streyminu og á fundarstað.

**DAGSKRÁ:**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðað starfsár
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
4. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu
5. Skýrsla og tillögur tilnefninganefndar um skipan stjórnar
6. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd
7. Kosning stjórnar félagsins
8. Tilnefning til endurskoðunarnefndar
9. Kosning endurskoðanda
10. Heimild til kaupa á eigin bréfum
11. Önnur mál löglega fram borin

**Nánari upplýsingar:**

Ari Guðjónsson, yfirlögfræðingur

Netfang: [ari@icelandairgroup.is](mailto:ari@icelandairgroup.is), sími: +354 661-2188<https://www.icelandairgroup.com/agm>

**Viðhengi**

[AGM2026 EN Agenda And Proposals](#)

[Nomination Committee Report 2026](#)

[Remuneration Policy 2026](#)